



393. Stjórnarfundur haldinn 3. maí. 2012 kl:17:00

Mættir:

Einar Haraldsson (EH), Kári Gunnlaugsson (KG), Þórður Magni Kjartansson (PMK), Birgir Ingibergsson (BI), Sveinn Adólfsson (SV) og Bjarney S. Snævarsdóttir (BS).

1. Fundagerð síðasta fundar.

Farið yfir og samþykkt.

2. Innkominn bréf.

Bréf frá UMFÍ v/ unglíngalandsmóts á Selfossi bæklingur og plakat. **Móttekið.**

Tölvupóstur frá Stefáni Bjarkasyni RNB v/ þrjúhundruð þúsund króna styrks til handa íþrótt- og leikjaskóla. **Móttekið.**

3. Send bréf.

Engin.

4. Fyrirlestur.

Fyrirlestur var haldinn 24. apríl í Íþróttakademíunni fyrir þjálfara Keflavíkur og Njarðvíkur. Efnið var „Börn með sérþarfir“ fyrirlesari var Gylfi Jón Gylfason sálfræðingur. Alls 35 einstaklingar mættu. Almenn ánægja með hvernig til tókst og var óskað eftir því að vera með fyrirlestur um svipað efni aftur í haust.

5. Húsnefnd.

Fyrsti fundur í húsnefnd var haldinn 2. maí. BI skýrði frá fundinum. Lagði fram myndir af bikaraskáp Valsmanna sem er í Valsheimilínu og fór yfir helstu atriði fundarins. EH sagði að hann ætli að vera í sambandi við Stefán Bjarkason varðandi þátttöku Reykjanesbæjar í þessu. Fundurinn var mjög góður og margar hugmyndir komu fram.

6. Önnur mál.

Framkvæmdastjóra falið að kaupa stuðningsmannakort af knattspyrnunni. Upphæðin er eitthundrað þúsund krónur.

Ákveðið að fimleikadeild Keflavíkur sjái um íþrótt- og leikjaskóla Keflavíkur í ár.

EH skýrði frá gangi mála varðandi heimasíðu félagsins en hún er væntanleg 15. maí.

Framkvæmdastjóri verður í frí frá 22. maí til 2. júní.

Hafsteinn Guðmundsson andaðist á sunnudagskvöldið 29. apríl. **Samþykkt að senda krans frá félaginu og framkvæmdastjóra falið að sjá um aðkomu félagsins við útförina í samráði við knattspyrnudeild.**

EH sagði að hann hefði boðið Hauk Hafsteinssyni alla þá aðstoð sem óskað væri eftir svo fremur að við gætum orðið við þeim.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl.18:00

Fundinn ritaði BS

